

Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík

02 965

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Mennta og menningarmálaráðuneytis

kt. 460269-2969

Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjárlagaliðurinn Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík flokkast sem ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs og heldur utanum fjárveitingar sem eru byggðar á samningi milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.051,9 milljónir og afkoma kr. -16,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -13,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 0,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hörpu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hörpu fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Páll Magnússon
Ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.051.900.000	942.000.000
Tekjur samtals		1.051.900.000	942.000.000
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	3	1.068.259.655	1.041.408.394
Gjöld samtals		1.068.259.655	1.041.408.394
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(16.359.655)	(99.408.394)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(39.877)	(40.542)
		(39.877)	(40.542)
Afkoma ársins		<u>(16.399.532)</u>	<u>(99.448.936)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	4	0	152.816.030
Veltufjármunir samtals		<u>0</u>	<u>152.816.030</u>
Eignir samtals		<u><u>0</u></u>	<u><u>152.816.030</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hrein eign		(13.583.502)	2.816.030
Eigið fé samtals		<u>(13.583.502)</u>	<u>2.816.030</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Tengdir aðilar	4	13.583.502	0
Ýmsar skammtímaskuldir		0	150.000.000
Skuldir samtals		<u>13.583.502</u>	<u>150.000.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>0</u></u>	<u><u>152.816.030</u></u>
Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(16.399.532)	(99.448.936)
		<u>(16.399.532)</u>	<u>(99.448.936)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		166.399.532	(50.551.064)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(150.000.000)	150.000.000
		<u>16.399.532</u>	<u>99.448.936</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
	Handbært fé í árslok	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.051.900.000	942.000.000
	<u>1.051.900.000</u>	<u>942.000.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.051.900.000	0	0	1.051.900.000
Fjáraukalög	0	0	0	0
Fjárveiting til tekna	1.051.900.000	0	0	1.051.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.068.299.532)	0	0	(1.068.299.532)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(16.399.532)	0	0	(16.399.532)

	2021	2020
3 Annar rekstrarkostnaður		
Kostnaðarhlutdeild	1.068.259.655	1.041.408.394
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>1.068.259.655</u>	<u>1.041.408.394</u>
	31.12.2021	31.12.2020

4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	152.816.030
	<u>0</u>	<u>152.816.030</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	13.583.502	0
	<u>13.583.502</u>	<u>0</u>

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	2.816.030	102.264.966
Afkoma ársins	(16.399.532)	(99.448.936)
Jöfnuður 31.12.	<u>(13.583.502)</u>	<u>2.816.030</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Byggt á samkomulagi milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar um rekstur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. er greitt af fjárlagaliðnum hlutur ríkisins sem rekstrarframlag. Greiðslur hófust í mars 2011 og samningslok er í mars 2046.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.